

Lagt fyrir fund velferðarráðs 11. janúar 2023

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði

Lagt er til að opnað verði nýtt skjól sem opið er allan sólarhringinn ef ekki er hægt að hafa neyðarskýlin opin. Fordæmi eru fyrir slíku athvarfi víða erlendis. Hér er lagt til að opnað verði rými þar sem einstaklingar geta komið inn þegar þeim hentar til að hvílast og borða. Í vetrarhörkunni sem verið hefur undanfarna daga hefur komið í ljós að það úrræði sem nú er í boði er ekki nóg. Vegna þess að fólk er rekið út úr gistiskýlunum að degi til og hefur í engin hús að venda. Hér er ekki um margar krónur að ræða í stóra samhenginu. Hér gæti hins vegar verið um heilsu og jafnvel líf að ræða. Dæmi eru um að þeir sem bíða eftir að komast inn klukkan 5 húki einhvers staðar úti undir vegg. Þetta er ekki boðlegt. Reykjavíkurborg getur gert betur. Flokkur fólksins telur einnig ótækt að staðan sé metin dag frá degi. Þetta veldur miklu óöryggi hjá heimilislásum en þau þurfa öryggi eins og aðrir borgarþágar. Flokkur fólksins telur mikilvægt að opnað verði nýtt skjól fyrir heimilisláusa ef ekki er hægt að nýta neyðarskýlin. Slíkt skjól/skýli sem er opið allan sólarhringinn er bráðnauðsynlegt yfir vetrartímann.